177. fundur Ungmennaráðs Hafnarfjarðar

Haldinn 1. september 2020 kl 20:00

Mætt: Sigurður (Hraunvallaskóli), Logi Már (Hraunvallaskóli), Kristrún (Lækjarskóli), Margrét Sif (Víðistaðaskóli), Hrefna Lind (Víðistaðaskóli), Lilja (MH).

1. Áframhald í Ungmennaráði
   Öll viðstödd vilja halda áfram þátttöku í Ungmennaráði Hafnarfjarðar. Auk þess vill Ronja (MH) halda áfram. Bryndís (Versló) hefur líka áhuga á að taka þátt.
2. UMFÍ þing
   Í vor hörðu Bryndís og Hrefna Sif lýst yfir áhuga á að fara. Við ætlum að athuga hvort þær hafi áfram áhuga á að fara á ráðstefnuna.
3. Fundur með fulltrúum skóla- og frístundaráðs (erindi frá Geir)
   Allir viðstaddir fulltrúar Ungmennaráðs vilja sitja fundinn 15. september kl 15:00.
4. Erindi frá Umboðsmanni barna
   Í bréfi frá 26. ágúst beinir Umboðsmaður barna tilmælum til sveitarfélaga um að tryggja að ungmennaráð séu eingöngu skipuð ungmennum undir 18 ára aldri. Ungmennaráð Hafnarfjarðar er eingöngu skipað fulltrúum undir 18 ára aldri og mun ráðfæra sig við starfsfólk skóla- og frístundaráðs ef upp kemur sú staða að einstaklingur yfir 18 ára aldri vill taka þátt í starfi ráðsins.
5. Skólakynningar Ungmennaráðs
   Allir viðstaddir fulltrúar hafa áhuga á að fara í skóla og kynna ungmennaráð. Fulltrúarnir ætla að hefjast handa við að búa til kynningar. Starfsmenn Ungmennaráðs undirbúa að öðru leyti.

Fleira ekki gert. Fundi slitið 21:15.